

Ár 2010, mánudaginn 28. júní kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, , Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Njörður Sigurðsson í forföllum Róberts Hlöðverssonar.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Unnur Þormóðsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Í upphafi fundar bauð hún Njörð Sigurðsson velkomin á sinn fyrsta bæjarstjórnarfund.

Leitaði hún eftir athugasemdum um fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

- 1.1. Bæjarráðs frá 20. maí og 16. júní 2010.
- 1.2. Fræðslunefndar frá 7. júní 2010.
- 1.3. Menningar- íþróttar- og frístundanevndar frá 2. júní 2010.
- 1.4. Mannvirkja- og umhverfisnefndar frá 18. júní 2010.

2. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir skv. 57. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

3. Verklag við staðfestingu ákvarðana skipulagsnefndar.

4. Reglugerð um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

5. Ráðningarsamningur bæjarstjóra.

6. Sumarfrí bæjarstjórnar.

7. Fundargerðir til kynningar;

- 7.1. Bæjarstjórnar frá 12., og 18. maí og 13. júní 2010.

Hér var gengið til dagskrár

Í upphafi fundar lagði forseti fram eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn vill þakka öllum þeim fjölmörgu sem með einum eða öðrum hætti komu að undirbúningi og framkvæmd sýningarinnar Blóm í bæ sem haldin var hér í Hveragerði dagana 25. - 27. júní. Án samstillts átaks og gríðarlegrar sjálfboðavinnu fjölda aðila hefði sýningin aldrei orðið jafn vegleg og vel lukkuð og raun varð á. Fyrir það vill bæjarstjórn þakka af heilum hug.

1. Fundagerðir;

1.1. Bæjarráðs frá 20. maí 2010

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir,

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Bæjarráðs frá 16. júní 2010.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Vegna liðar 2.6. telur bæjarstjóri rétt að það komi fram að umræddur styrkur Orkuveitu Reykjavíkur var til framkvæmda í Hveragarðinum en ekki til Blóma í bæ.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.2. Fræðslunefndar frá 7. júní 2010.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

1.3. Menningar- íþrótt- og frístundanevndar frá 2. júní 2010.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

1.4. Mannvirkja- og umhverfisnefndar frá 18. júní 2010.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Unnur Þormóðsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

2. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir skv. 57. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Kjörstjórn:

Lögð fram tillaga um að Sigurbjörg Sara Sveinsdóttir verði varamaður í kjörstjórn í stað Magneu Árnadóttur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Verklag við staðfestingu ákvarðana skipulagsnefnda.

Lagt fram minnisblað frá Guðjóni Bragasyni lögmanni Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna verklags við staðfestingu bæjarstjórnar á ákvörðunum skipulagsnefnda.

Minnisblaðið er sent til að vekja athygli á nýlegum úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, en þar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að það verklag að sveitarstjórn staðfesti fundargerðir skipulagsnefndar í heilu lagi sé ekki fullnægjandi. Af úrskurðinum verði ekki annað ráðið en að sveitarstjórn verði að fjalla sérstaklega um tillögur nefnda sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar í stað þess að samþykkja fundargerðina í heild sinni.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Ninna Sif Svavarsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir að framvegis muni afgreiðslur bæjarstjórnar samræmast álitum lögmanns Sambandsins og úrskurðum úrskurðarnefndar Skipulags- og byggingarmála.

4. Reglugerð um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Lögð fram reglugerð um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti sem sett var af Umhverfisstjórn 1. júní s.l.

Eftirtaldir tóku til máls. Unnur Þormóðsdóttir.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar fagnar nýrri reglugerð um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti sem Svandís Svavarsdóttir umhverfisstjórn herra hefur nýlega sett.

Með setningu reglugerðarinnar eru ríkir hagsmunir almennings viðurkenndir og einnig viðurkennt að óvissa ríki um heilsufarsáhrif af langvarandi innöndun brennisteinsvetnis. Því er nauðsynlegt að sett séu ákveðin mælanleg mörk þannig að almenningur fái notið vafans. Með setningu reglugerðarinnar er tryggt að dregið verði verulega úr losun brennisteinsvetnis frá jarðhitavirkjunum og þar með mögulegum neikvæðum áhrifum á heilsu fólks.

5. Ráðningarsamningur bæjarstjóra.

Aldís Hafsteinsdóttir vék af fundi kl 17:13

Lagður fram ráðningarsamningur við Aldísi Hafsteinsdóttur um stöðu bæjarstjóra.

Forseti bæjarstjórnar gerði grein fyrir samningnum.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Njörður Sigurðsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Eypór H. Ólafsson.

Fulltrúar A-listans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Bæjarfulltrúar A-listans greiða atkvæði gegn ráðningarsamningi bæjarstjóra með eftirfarandi bókun:

Samkvæmt framlögðum ráðningarsamningi eru mánaðarlaun bæjarstjóra eftirfarandi:

Dagvinnulaun kr. 487.498, föst yfirvinna 72 klst. á mánuði sem gerir kr. 364.536 og u.þ.b. kr. 66.000 fyrir setu í bæjarstjórn. Auk þess fær bæjarstjóri greiddan bifreiðastyrk fyrir 1.300 km. akstur á mánuði sem gerir u.þ.b. kr. 130.000. Samtals gera því laun og hlunnindi bæjarstjóra skv. ráðningarsamningi u.þ.b. kr. 1.050.000.

Með ráðningarsamningnum er bæjarstjóra ætluð rífleg laun á sama tíma og aðrir starfsmenn bæjarins hafa þurft að taka á sig mikla launaskerðingu vegna bágrar fjárhagsstöðu bæjarins. Þá er bæjarstjóra ætluð réttindi og starfskjör sem eru umfram það sem aðrir starfsmenn bæjarins fá sem er fullkomlega óeðlilegt og mismunur við aðra starfsmenn Hveragerðisbæjar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við grunnlaun bæjarstjóra þó skjóti skökku við að miðað sé við launataxta Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga en ekki er vitað að bæjarstjóri hafi þá menntun þó hún væri æskileg fyrir starf bæjarstjóra. Hins vegar er með öllu óásættanlegt að bæjarstjóri skuli fái greiddar 72 klukkustundir í fasta yfirvinnu alla mánuði ársins. Þetta samsvarar fjórum yfirvinnustundum á hvern vinnudag bæjarstjóra og eru jafnmargar yfirvinnustundir og bæjarstjóri fékk í fyrri ráðningarsamningi þrátt fyrir að stjórnendum bæjarins hafi fjölgað á kjörtímabilinu og tekið að sér hluta verkefna bæjarstjóra. Aðrir starfsmenn bæjarins hafa þurft að setta sig við verulegan niðurskurð á yfirvinnu og sú yfirvinna sem þeir vinna hafa þeir þurft að taka út sem frí. Einnig er óeðlilegt að bæjarstjóri fái greidda yfirvinnu á orlofstíma en það fá ekki aðrir starfsmenn bæjarins. Bæjarfulltrúar A-listans leggja því til að bæjarstjóri fái einungis greitt fyrir þá yfirvinnu sem hann vinnur eða verði gert skylt að taka yfirvinnutíma sem frí eins og aðrir starfsmenn bæjarins hafa þurft að setta sig við.

Jafnframt eru gerðar athugasemdir við að bæjarstjóri fá greiddan fastan bifreiðastyrk. Þá er óeðlilegt að bæjarstjóri fái greiddan bifreiðastyrk á orlofstíma þegar ljóst er að hann notar ekki bílinn fyrir vinnuveitanda. Bæjarfulltrúar A-listans leggja því til að bæjarstjóri fái greiddan bifreiðastyrk í samræmi við akstursbók eins og aðrir starfsmenn bæjarins.

Í samningum er gert ráð fyrir að bæjarstjóri fái sex mánuði í biðlaun að ráðningartímabili loknu. Þetta er umfram réttindi annarra starfsmanna bæjarins og óeðlilegt. Bæjarfulltrúar A-listans leggja til að biðlaunin verði þrjú mánuðir í samræmi við uppsagnarákvæði samningsins og í samræmi við uppsagnarfrest annarra starfsmanna bæjarins.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Njörður Sigurðsson

Kl. 17:25 var gert fundarhlé.

Kl 17:43 hélt fundur áfram.

Meirihluti D-listans lagði fram eftirfarandi bókun:

Bæjarfulltrúar meirihlutans vísa gagnrýni A-listans á bug sem rangri og misvísandi. Samningur við Aldísi Hafsteinsdóttur er lagður fram óbreyttur hvað varðar launaliði sem þýðir að bæjarstjóri lækkar um tvo launaflokka sem bættust við á liðnu kjörtímabili skv. kjarasamningnum. Horfið er frá því fyrirkomulagi að leggja bæjarstjóra til bíl en í staðinn er greitt fast kílómetragjald og næst með því móti töluverð hagræðing fyrir Hveragerðisbæ. Fellt var út ákvæði í samningnum sem gerði ráð fyrir sex mánaða biðlaunum ef bæjarstjóri segir upp sjálfur.

Launakjör bæjarstjórans í Hveragerði eru í lægri kantinum ef miðað er við könnun um laun sveitarstjóra sem gerð var á vormánuðum 2010 á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Unnur Þormóðsdóttir

Eyþór H Ólafsson

Guðmundur Þór Guðjónsson
Ninna Sif Svavarsdóttir

Kl. 17:45 var gert fundarhlé.

Kl. 17:55 hélt fundur áfram.

Fulltrúar A-listans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Bæjarfulltrúar A-listans undrast bókun meirihlutans því hún svarar á engan hátt athugasemdum A-listans við ráðningarsamning bæjarstjóra.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Njörður Sigurðsson

Fulltrúar A-listans lögðu fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarfulltrúar A-listans leggja til eftirfarandi breytingar á ráðningarsamningi bæjarstjóra:

Að bæjarstjóri fái einungis greitt fyrir þá yfirvinnu sem hann vinnur eða verði gert skylt að taka yfirvinnutíma sem frí eins og aðrir starfsmenn bæjarins hafa þurft að sætta sig við.

Að bæjarstjóri fái greiddan bifreiðastyrk í samræmi við akstursbók eins og aðrir starfsmenn bæjarins.

Að biðlaun verði þrjár mánuðir í samræmi við uppsagnarákvæði samningsins og í samræmi við uppsagnarfrest annarra starfsmanna bæjarins.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Njörður Sigurðsson

Tillaga A-listans felld með fjórum atkvæðum meirihlutans, A-listinn með.

Samningurinn samþykktur með fjórum atkvæðum meirihlutans, A-listinn á móti.

Aldís Hafsteinsdóttir tók aftur sæti á fundinum kl. 17:58

6. Sumarfrí bæjarstjórnar.

Forseti lagði fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkir að fella niður fundi bæjarstjórnar í júlí og ágúst vegna sumarleyfis bæjarstjórnar og felur bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við 2. og 3. mgr. 48. grein samþykta um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar sbr. lög nr. 45/1998".

Eftirtaldir tóku til máls: Njörður Sigurðsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

7. Fundargerðir til kynningar.

7.1. Bæjarstjórnar frá 12. og 18. maí og 13. júní 2010.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:10

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign)

Eyþór H. Ólafsson, (sign).

Njörður Sigurðsson, (sign).

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign).